



Ársskýrsla SORPU

2010

SORPA

Útgefandi: SORPA bs

Umsjón og ritstjórn: Karen Hulda Kristjánsdóttir

Ljósmyndir: Karen Hulda Kristjánsdóttir, Gyða S. Björnsdóttir, Brynja Eldon og myndir úr safni SORPU

Hönnun og umbrot: Gyða S. Björnsdóttir, Sögumiðlun ehf



Efnisyfirlit

Inngangur og yfirstjórn	3
SORPA – Hlutverk og meginmarkmið	9
Móttökustöð	15
Endurvinnslustöðvar	19
Álfsnes	23
Samfélagsleg ábyrgð	27
Mannauður	31
Grænt bókhald	35
Ársreikningur	47
Viðaukar	61
Magntölur	62
Gjaldskrá	66
Efnamælingar í Álfsnesi	71



Inngangur og yfirstjórn



Árið 2010 var að mestu notað til skoðunar á innra starfi og verkefnum SORPU bs. Unnið hefur verið að því að ná fram frekari nýtingu á þeim úrgangi sem þegar berst fyrirtækinu m.a. flokkun á málmum, nýting á litaðri timburflís, gæðastjórnarkerfi og undirbúningur að nýju vörunúmerakerfi, eru þau verkefni sem helst má telja. Öll þessi verkefni snúa að innra starfi og starfsemi SORPU en viðskiptavinir og eigendur verða smám sama varir við breytingar á verklagi við móttöku og vinnslu úrgangs.

Gæðastjórnun

Stöðugt er unnið að gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins og er stefnt að vottun fyrirtækisins skv. ISO 9001 á 20 ára starfsafmæli þess árið 2011. Samhentur hópur starfsfólks hefur unnið ötulllega að gerð verkferla og leiðbeininga samkvæmt forskrift ISO 9001 staðalsins. Starfsfólk SORPU hefur sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og lagt sig fram um að gera gæðavottun fyrirtækisins að veruleika. Hluti af gæðastjórnunarkerfinu felst í s.k. innri úttektum þar sem farið er yfir þjónustuferla, verklagsreglur og leiðbeiningar innan fyrirtækisins og tekið út hvort framkvæmd sé í samræmi við viðkomandi ferli og leiðbeiningar. Út frá slíkum innri úttektum hafa orðið til nokkur verkefni sem koma til með að bæta verkferla og vinnulag. Eitt slíkt verkefni er uppbygging verðskrár fyrirtækisins sem hefur verið nánast óbreytt frá upphafi. Um áramótin 2010/2011 verður tekið upp nýtt vörunúmerakerfi sem vonandi auðveldar viðskiptavinum að samlaga sig flokkunar- og gjaldskráreglum fyrirtækisins. Um leið og kerfið verður tekið í notkun verða settir fram nýir bæklingar með flokkunarleiðbeiningum. Í bæklingunum má finna leiðbeiningar um flokkun á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins. Um er að ræða tvo bæklinga, einn fyrir einstaklinga (heimili) og annan fyrir rekstraraðila. Bæklingana má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sorpa.is. Að lokinni gæðavottun fyrirtækisins

er stefnt að umhverfisvottun samkvæmt ISO 14001 og ætti það að geta orðið innan nokkurra mánaða frá gæðavottun.

Verðmætasköpun úr úrgangi

Verðmætasköpun úr úrgangi sem fyrirtækið tekur við er stöðugt verkefni og má hér telja til nokkur áþreifanleg dæmi sem skila auknu verðmæti fyrir fyrirtækið og eigendur þess. Fyrst ber að nefna að undanfarin ár hafa farið fram á vegum fyrirtækisins tilraunir á notkun steinefna, aðallega frá endurvinnslustöðvum (t.d. postulín, malbik, gler, brotnar hellur o.s.frv.) til notkunar í undirlag og „steyp“ yfirborð. Gerðar hafa verið tilraunir með notkun efnisins í undirlag undir vinnsluálag á urðunarstaðnum í Álfsnesi og hefur það gefist vel. Verkefnið hefur verið unnið í samvinnu starfsfólks urðunarstaðar og starfsfólks endurvinnslustöðvanna. Stuðull, verkfræði- og jarðfræðipjónusta og Gilsverk ehf. sáu um skipulag og framkvæmd. Verkefnið hefur leitt til betri flokkunar á endurvinnslustöðvum og þar með aukið möguleika á að nýta þetta efni til þarfari hluta en urðunar.

Frá áramótum 2008/2009 hefur verið unnið að uppsetningu búnaðar til að ná málmum úr grófum úrgangi og blönduðum heimilisúrgangi. Um er að ræða búnað sem annars vegar nær járn úr úrgangi og hins vegar s.k. Eddy Current segulmagnara sem flokkar málma eins og ál og kopar. Er nú svo komið að heimilisúrgangur er hakkaður og fer síðan gegnum ofangreindan búnað. Með þessu móti eru slegnar tvær flugur í einu – annars vegar dregið úr urðun (en málmar eru um 1.000 tonn á ári í heimilisúrgangi) og hins vegar nást verðmæti úr heimilisúrganginum – án þess þó að lögd sé sérstök íþyngjandi kvöð á íbúana að flokka meir en gert er í dag. Margt bendir til þess að þróun í þessum málaflokki sé einmitt í átt að meiri vélvæðingu – þar sem vélvæðing kemur í stað flókinnar flokkunar hjá íbúum.

Góði hirðirinn – umhverfisvænt samfélagsverkefni

Góði hirðirinn, nytjamarkaður SORPU og líknarfélaga er verkefni sem hefur skilað miklum og margvíslegum árangri. Til dæmis sparast urðunargjöld sem sveitarfélögin þyrftu annars að greiða fyrir úrganginn. Allur ágóði af nytjamarkaðnum rennur til líknarmála og úthlutaði SORPA yfir 40 milljónum á árinu 2010 til ýmissa verkefna – með því móti sinnir fyrirtækið m.a. samfélagslegri skyldu sinni, ekki einungis við að draga úr urðun úrgangs og betri nýtingu efnisins heldur einnig með aðkomu að mikilvægum samfélagsverkefnum. Að síðustu er með rekstri nytjamarkaðarins stuðlað að aukinni endurnotkun.

Vinnsla metans

Metan hf. er dótturfélag SORPU, Orkuveitu Reykjavíkur, N1 og REI sem hefur það að meginmarkmiði að kynna, þróa og markaðssetja metan sem eldsneyti. Notkun metans er hagfelld á margan hátt. Skv. starfsleyfi SORPU telst notkun á metani endurvinnsla á lífrænum úrgangi. Á árinu 2010 voru nýttir um 580 þúsund rúmmetrar af metani sem samsvarar um 5.800 tonnum af lífrænum úrgangi. Þetta er ódýrasta og hagkvæmast vinnsla á lífrænum úrgangi sem völ er á í dag á Íslandi – án þess þó að íþyngjandi kvaðir um flokkun hafi verið lagðar á íbúa. Notkun metans sem eldsneyti dregur úr innkaupum á erlendu eldsneyti og sparar þannig gjaldeyris en dregur um leið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Með vinnslu metans árið 2010 og notkun á ökutæki spóruðust um 1.400 tonn af CO₂ útblæstri og þjóðar-búið sparaði innkaup á sem svarar 600 þúsund lítrum af bensíni. Ávinningurinn af notkun metans er því augljós.

Í sátt við umhverfi og íbúa

Það hefur verið metnaður SORPU bs. frá upphafi að verkefni sem fyrirtækið vinnur að á hverjum tíma séu í

sátt við umhverfið og íbúa. Undanfarin misseri hefur nokkuð borið á óánægjuróddum frá næsta nágrenni urðunarstaðarins í Álfsnesi. Kvartanir sem berast fyrirtækinu eru flestar úr Leirvogstungu í Mosfellsbæ og er þá kvartað yfir lyktarmengun frá urðunarstaðnum í Álfsnesi. Unnið hefur verið að úrbótum m.a. er allur úrgangur nú úðaður með sérstöku ensími til að draga úr lyktarmengun að auki sem úrgangurinn er úðaður með sjó ef sérstök hættu er á lyktarmengun. Við sérstök tilvik, eins og t.d. um síðustu verslunarmannahelgi var allur úrgangur hulinn en slíkt er venjulega ekki hægt vegna óhagræðis og kostnaðar. Settar hafa verið nýjar reglur um móttöku lyktarsterks úrgangs og gjaldskrá breytt til að ýta undir að lyktarsterkur úrgangur berist ekki á óhentugum tíma. Í samstarfi við veðurfræðing er unnið að veðurmælingum til að betur sé hægt að stjórna verkum í Álfsnesi þannig að hættu á lyktarmengun sé lág-mörkuð. Sumarið 2010 er ráðgert að loka fyrir fullt og allt s.k. seyruholu en þar hefur mest allt af lyktarsterkum úrgangi farið. Í staðinn verður móttaka á slíkum úrgangi undir þaki þar sem hægt er að stýra og stjórna umhverfisaðstæðum m.a. loftskiptum. Dregið hefur úr kvörtunum og eru bundnar vonir við að nýtt fyrirkomulag minnki hættuna á lyktarmengun verulega. Endanleg lausn fæst þegar gasgerðarstöð verður tekin í notkun, allur lífrænn úrgangur meðhöndlaður undir þaki og urðun hans hætt. Sé enginn lífrænn úrgangur urðaður má breyta skilgreiningu á gerð urðunarstaðarins og hægt er að draga verulega úr kostnaði við rekstur.

Þróunarverkefni

Ofangreind verkefni eru nú þegar í gangi og hafa sum verið til nokkurs tíma. SORPA vinnur stöðugt að þróun í þessum málaflokki enda er rekin sérstök deild innan fyrirtækisins til að sinna slíkum málum (þróunar- og tæknideild). Á hverjum tíma eru mismunandi þróunarverkefni í gangi en hér er vert að

minnast á tvö verkefni sem vonandi geta í framtíðinni skilað árangri sem er í takt við árangur af fyrri verkefnum SORPU. Fyrst ber að nefna verkefnið „öndvegisverkefni um lífrænt eldsneyti“. Verkefnið er stutt af RANNÍS og unnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskólann, Nýsköpunarmiðstöð, Mannvit og Prókaría (MATIS). Verkefnið felst m.a. í skoðun á mismunandi hráefni til metangerðar og annarra eldsneytistegunda. Verkefnið er til þriggja ára. Hitt verkefnið sem einnig er styrkt af Rannís er framleiðsla á „gervieldsneyti“ úr plasti. Samvinnu-aðilar eru Nýsköpunarmiðstöð, Mannvit og Carbon Recycling International. Tilgangur með verkefninu er að kanna möguleika á því að nýta saman afganga úr metanólframléiðslu CRI (súrefni) og afganga úr plasti (kolefni) til að búa til gervi díselolíu. Verði niðurstöðurnar jákvæðar væri hér komin leið til að endurvinnna allt úrgangsplast á Íslandi og um leið draga úr gjaldeyrisnotkun.

Hér hefur verið tæpt á nokkrum verkefnum sem SORPA hefur unnið að á undanförunum árum, til hagsbóta fyrir umhverfið og samfélagið. Á nýhöfnu 20 ára afmælisári er vert að minnast þess að SORPA hefur verið í fararbroddi er varðar nýjar leiðir í endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs alveg frá stofnun fyrirtækisins. Ekkert bendir til annars en að SORPA verði næstu 20 árin áfram í fararbroddi í þessum málum!



Deildarstjórar



Bjarni Gnýr Hjarðar
Yfirverkfræðingur
þróunar- og tæknideildar



Jón Ólafur Vilhjálmsson
Stöðvarstjóri móttöku-
stöðvar í Gufunesi



Ásmundur Reykdal
Rekstrarstjóri endur-
vinnlustöðva SORPU



Ragna I. Halldórsdóttir
Deildarstjóri markaðs- og
fræðsludeildar og gæðastjóri



Sigríður Björg Einarsdóttir
Skrifstofustjóri og formaður
verslunarstjórnar Góða hirðisins

Stjórn SORPU bs.



Oddný Sturludóttir
formaður stjórnar,
fulltrúi Reykjavíkur



Hafsteinn Karlsson
varaformaður stjórnar,
fulltrúi Kópavogs



Margrét Gauja Magnúsdóttir
fulltrúi Hafnarfjarðar



Páll Hilmarsson
fulltrúi Garðabæjar



Hjördís Jóna Gísladóttir
fulltrúi Álftaness



Herdís Sigurjónsdóttir
fulltrúi Mosfellsbæjar



Bjarni Torfi Álfþórsson
fulltrúi Seltjarnarness



SORPA – Hlutverk og meginmarkmið

2

SORPA er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Álftaness, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Hlutverk SORPU

Hlutverk SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs fyrir öll sveitarfélögin sem aðild eiga að SORPU, svo sem að starfrækja urðunarstað og móttökustöð, byggja og reka endurvinnslustöðvar, þróa nýjar aðferðir til þess að vinna verðmæti úr úrgangsefnum, eyðingu hættulegra úrgangsefna, framleiða og selja eldsneyti og orku úr úrgangi, fylgjast með tækniþróun á sviði úrgangseyðingar og endurvinnslu, gerð svæðisáætlunar sbr. lagakröfu hverju sinni og kynna gildi umhverfissjónarmiða í meðhöndlun úrgangs.

SORPA sér ekki um sorphirðu, hvorki hjá almenningi né fyrirtækjum. Fyrirkomulag sorphirðu er ákveðið í hverju sveitarfélagi fyrir sig, en samkvæmt stofnsamningi hefur SORPA frumkvæði og tillögurétt að samræmingu og hagræðingu.

Stjórnsýsluleg staða

SORPA er starfsleyfisskilt fyrirtæki skv. ákvæði 20. greinar reglugerðar nr. 785/1999 um atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér mengun, samanber lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfi nær til staðsetningar, eðli og umsvifa starfseminnar.

Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi fyrir móttöku- og flokkunarstöðina í Gufunesi og urðunarstaðinn í Álfsnesi. Eftirlit með starfseminni hefur Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Starfsleyfi og eftirlit með endurvinnslustöðvum SORPU veita:

Í Reykjavík: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Í Kópavogi og Garðabæ: Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Í Mosfellsbæ: Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

Dótturfyrirtæki SORPU er Metan hf. og heldur byggðasamlagið 49,7% eignarhlut í félaginu.

Stjórn SORPU bs.

Aðalstjórn byggðasamlagsins skipa 7 fulltrúar, einn frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hann vera aðalmaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitar-


félags. Sömu skilyrði gilda um varamenn sem hver sveitarstjórn tilnefnir. Kjörtímabil stjórnarinnar eru tvö ár í senn frá upphafi kjörtímabils sveitarstjórna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal formennska skiptast á milli aðildarfélaganna.

Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda þess sveitarfélags sem þeir eru fulltrúar fyrir. Atkvæðavægi endurskoðast í byrjun hvers árs miðað við íbúatölu aðildarsveitarfélags hinn 1. desember árið á undan.

Hlutverk stjórnar er að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri byggðasamlagsins, sjá um að

Stjórn SORPU frá 1.1.2010-25.06.2010		
Sveitarfélag	Aðalmenn	Varamenn
Reykjavík	Vilhjálmur P. Vilhjálmsson	Gísli Marteinn Baldursson
Kópavogur	Ómar Stefánsson	Gunnsteinn Sigurðsson
Hafnarfjörður	Guðinna Guðmundsdóttir, varaform.	Margrét Gauja Magnúsdóttir
Garðabær	Páll Hilmarrsson	Stefán Konráðsson
Mosfellsbær	Herdís Sigurjónsdóttir, formaður	Hafsteinn Pálsson
Seltjarnarnes	Þór Sigurgeirsson	Jónmundur Garðarsson
Álftanes	Guðmundur Gunnarsson	Margrét Jónsdóttir

Stjórn SORPU frá 25.6.2010-31.12.2010		
Sveitarfélag	Aðalmenn	Varamenn
Reykjavík	Oddný Sturludóttir, formaður	Einar Örn Benediktsson
Kópavogur	Hafsteinn Karlsson, varaformaður	Rannveig Ásgeirsdóttir
Hafnarfjörður	Margrét Gauja Magnúsdóttir	Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Garðabær	Páll Hilmarrsson	Áslaug Hulda Jónsdóttir
Mosfellsbær	Herdís Sigurjónsdóttir	Bryndís Haraldsdóttir
Seltjarnarnes	Bjarni Torfi Álfþórsson	Guðmundur Magnússon
Álftanes	Hjördís Jóna Gísladóttir	Snorri Finnlaugsson



fylgt sé lögum og reglugerðum, sem starfsemin heyrir undir og sjá um að gerðar séu áætlanir um rekstur félagsins til skemmri og lengri tíma. Stjórnin gætir þess að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunameðferð og ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu byggðasamlagsins.

Kjörtímabil stjórnar er tvö ár og hófst 25. júní 2010. Í upptalningu hér til vinstri má sjá skipan stjórnar árið 2010. Aðrar breytingar voru þær að Margrét Gauja Magnúsdóttir fór í barneignarleyfi í september, þá

kom Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir inn sem aðalmaður í Hafnarfirði og Eyjólfur Sæmundson kom inn sem varamaður í hennar stað.

Vörunúmerakerfi

Vörunúmerakerfi SORPU var endurskoðað með tilliti til aukinna krafa um skráningu úrgangs sem fer til urðunar og flokkunarreglur endurútfagnar um áramót 2010 til 2011. Samtímis var innleitt snertiskjár-viðmót

með staðfestingu starfsmanns á úrgangsflokki í móttöku- og flokkunarstöð sem þýðir nákvæmari skráningu úrgangs, minni hættu á villum og aukinni skilvirkni í móttöku úrgangs. Vörunúmerið inniheldur því upplýsingar um hvar úrgangurinn er móttekinn, hvers eðlis hann er, frá hvaða starfsemi hann er upprunninn, hvernig honum er ráðstafað og hvort hann sé nægilega vel flokkaður að mati starfsmanns SORPU til að tilheyra tilgreindum úrgangsflokki. Jafnframt voru samskipti við viðskiptavinum endurbætt með

Stjórn Metan hf.

Aðalmenn

Inga Jóna Þórðardóttir, formaður
Jakob S. Friðriksson
Ásdís Kristinsdóttir, varaformaður
Kristján Gunnarsson
Hafsteinn Pálsson

Varamenn

Ögmundur Einarsson
Runólfur Magnús Ásgeirsson
Hreinn Frímannsson
Hólmfríður Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri er Björn H. Halldórsson

Hlutafjárskipting Metans 31. desember 2010

Hluthafi	Hlutafé	Eignarhlutur
SORPA bs.	23.336.000	49,65%
Orkuveita Reykjavíkur	10.000.000	21,27%
N1 hf.	7.008.000	14,91%
REI	6.656.000	14,16%

Helstu kennitölur úr rekstri Metans hf.

	2010	2009
Rekstrartekjur ársins námu	41.000	28.500 m.kr.
Rekstrarniðurstaða var	-1.300	-9.200 þ.kr.
Veltufjárhlutfall	1,7	1,8
Eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni	64,2%	68,1%

útgáfu flokkunarreglna sem birtast m.a. á heimasíðu SORPU og tilkomu yfirlitskorta á öllum starfsstöðvum SORPU.

Gjaldskrá

Gjaldskrá byggðasamlagsins er endurskoðuð tvisvar á ári og byggjast forsendur breytinga á byggingavísitölu og launavísitölu hverju sinni. Verðskrá nokkurra endurvinnsluefna er endurskoðuð oft og getur tekið breytingum í ljósi gengisþróunar, samningsverða við móttökuaðila og endurgreiðslur Úrvinnslusjóðs.

Nefndir

Framkvæmdastjóri SORPU bs. á sæti í verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um úrgangsmál og er formaður verkefnisstjórnar.

Ársfundur

Sameiginlegir ársfundir SORPU bs., Strætó bs., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og 34. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu voru haldnir föstudaginn 26.11.2010. Að þessu sinni var ársfundur byggðasamlaganna með öðru sniði en undanfarin ár, en farið var í vettvangsskoðun/óvissu-

ferð til kynningar á starfsemi byggðasamlaganna. Hvert byggðasamlag fór yfir sinn rekstur og stöðu, verkefni og fleira, ásamt því að farið var í skoðunarferð um starfsstöðvar byggðasamlaganna fyrir eða eftir hverja kynningu.

Samráðshópur stjórnar SORPU bs. og Samtaka atvinnulífsins

Hópurinn starfar áfram og kemur saman þegar nauðsyn krefur.

Samstarfsverkefni

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er samstarfsverkefni SORPU bs., Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar Vesturlands hf. Áætlunin var staðfest af öllum sveitarfélögum á starfssvæði þessara fyrirtækja á árinu 2009 (sjá www.samlausn.is). Nú er unnið að framkvæmd einstakra þátta þessarar svæðisáætlunar og er samræming á því verki á höndum sérstakrar samráðsnefndar ofangreindra fyrirtækja. Fyrir hönd SORPU bs. sátu í þeirri nefnd árið 2010 Oddný Sturludóttir sem er formaður og Herdís Sigurjónsdóttir auk þess sem bæði framkvæmdastjóri og yfirverksfræðingur sitja fundi samráðshópsins.

Rekstraráætlun og afskriftir

Tekjuáætlun byggðasamlagsins gerði ráð fyrir móttöku og meðhöndlun hjá SORPU bs. upp á 160.000 tonn úrgangs með svipaðri dreifingu á gjaldflokkum og árið 2008.

Niðurstöðutala varð 142 þúsund tonn sem er rúm 11% frávik frá rekstraráætlun. Móttekið og meðhöndlað magn í Gufunesi var 76.575 tonn (79.437 tonn árið 2009) og á urðunarstaðnum var tekið við 63.096 tonnum af böggðuðum úrgangi frá móttöku-stöðinni í Gufunesi.

Framlag fyrir fjármagnsliði og afskriftir var 127,1 m.kr (197,3 m.kr) sem er 10% (15%) af veltu án endurvinnslustöðva.

Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var bókfærður hagnaður 39,2 m.kr (65,3 m.kr.)

Helstu kennitölur samlagsins

	2010	2009	2008	2007	2006
Veltufjárhlutfall	1,46	0,91	1,20	1,46	1,05
Eiginfjárhlutfall	65,65%	61,08%	58,70%	60,23%	52,06%
Arðsemi eigin fjár	3,29%	5,73%	0,38%	15,87%	1,08%
Ársverk	85	86	99	96	90







Rekstur og starfsemi móttökustöðvar

Í móttökustöð SORPU í Gufunesi er tekið á móti mest öllum úrgangi sem fellur til frá heimilum höfuðborgarsvæðisins. Til stöðvarinnar berst einnig mikið af samskonar úrgangi frá fyrirtækjum og ýmiskonar öðrum iðnaðarúrgangi frá fyrirtækjum og er hún einnig endastöð hluta þess úrgangs er berst inn til endurvinnslustöðvanna.

Eftir að hafa verið í ströngu aðhaldi í breytingum og viðhaldi var ekki lengur hægt að búa við það því það hefði leitt til stöðunar á starfsemi en það má aldrei gerast í fyrirtæki sem er að vinna að bótum í umhverfis- og auðlindamálum.

Á árinu var komið fyrir segulbandi til að ná málmum úr öllum þeim úrgangi sem þarf að hakka, í þeim tilgangi að rúmmálsminnka hann áður en hann er baggaður til urðunar og gaf það góða raun. Þá var haldið áfram við að koma fyrir búnaði tengdum hakkarannum þannig að ná mætti málmum úr heimilissorpinu og er það verkefni á lokastigi í desember.

Það er gert þannig að allur heimilisúrgangur fer í gegnum hakkara sem þá opnar flesta poka þannig að segulbúnaðurinn nær málmunum frá öðrum úrgangi.

Hlutfall endurvinnsluefna í úrgangi minnkaði um 1% en þar munar langmestu um að minna timbur barst til móttökustöðvarinnar en það fer til endurvinnslu hjá Elkem á Grundartanga.

Þeim viðskiptavinum sem komu í móttökustöðina fækkaði um 8% og magnið sem skilað var minnkaði um 4% á milli áranna 2009 og 2010.

Starfsmannahald

Starfsmannahald í móttökustöðinni hefur verið með minnsta móti frá hrúni. Þar af leiðandi er mikill meirihluti starfsmanna búinn að starfa í nokkur ár í stöðinni, en það var sérstaklega gott þegar farið var í breytingar á öllum vörunúmerum sem tóku gildi um áramótin 2010-2011. Það er ómetanlegt þegar verið er að fara í gegnum nýja rekstrarhandbók og vinna að vottuðu gæðakerfi að hafa vant fólk í sem flestum stöðum.

Móttökustöðin er sem kalla má á árinu slysalaus, en engin slys hafa orðið sem valda fráhrarfi frá vinnu. Ársverk í móttökustöð, vinnslu og viðhaldssviði voru: 18,05 – jókst um 0,43 á árinu. Fastir starfsmenn á vinnslusviði eru 10 auk verkstjóra. Á viðhaldssviði vinna 3 fastir starfsmenn að jafnaði. 7 ungmenni hafa verið í vinnu yfir sumarmánuðina við hreinsun og snyrtingu á útsvæði.

Stöðvarstjóri er Jón Ólafur Vilhjálmsson.

Verkstjóri er Ásmundur Jónsson.

Aðstoðarverkstjóri er Sigurður Jón Guðmundsson.

Viðhald á búnaði

Viðhaldi á búnaði í stöðinni hefur verið sinnt af starfsmönnum viðhaldssviðs. Það hefur aðallega verið á pressum en nú eru tvær af þremur farnar að eldast og þar með viðhaldið að aukast því önnur sorpböggunarvélin var að miklu leyti endurbýggð. Elsta pressan er notuð í endurvinnsluefni. Í henni fór aðal- tjakkurinn en komin var málmþreyta í hann og varð að sérsníða hann hér á landi. Fyrirbyggjandi viðhald tekur þó alltaf mestan tíma. Við þær breytingar sem verið var að ljúka við voru fengnir verktakar, þar sem okkar menn í viðhaldsdeild hafa nóg að starfa við að sinna þeim vélakosti sem er stöðugt í gangi og þarf töluvert viðhald og þjónustu. Það er reynsla okkar að úrgangur, þá einkum plast, fer ekki vel með vélar hversu góðar sem þær annars eru.

Tafla 3.1. Gangtími véla við áramót í klst

Vél	2010	2009
Rósa	6.443	5.166
Pála	14.603	13.642
Linda	29.380	28.750
Herkúles sorphakkavél	2.511	2.084
Timburtætari	11.826	11.326
Forbrjótur	7.187	6.688

Húsnæði og umhverfi

Útisvæði

Hreinsun á sandi í sandsíum er þannig að tekið er úr fitugildru og setþróm með hreinsibíl eftir sjónmati.

Síurnar virka sem fitu- og soragildra en hægt er að loka fyrir frárennslíð út úr gildrunum ef eitthvað óvænt kemur fyrir. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að mengun berist í fráveitukerfi. Vigtar eru hreinsaðar vor og haust. Verktaki lætur sópa og þvo plön eftir því sem ákveðið er af verkstjóra eða einu sinni til tvisvar í mánuði.

Notkun á heitu vatni hefur minnkað, en notkunin fer mjög mikið eftir hversu mikið er um frost á vetrum. Ef kalt er þarf að blanda þvottvatnið með heitu vatni. Notkun á köldu vatni minnkaði nokkuð en það er mikið notað við timburvinnslu en hún dróst verulega saman á árinu.

Tafla 3.2. Vatnsnotkun (tonn)

	2010	2009
Kalt vatn	22.991	32.451
Heitt vatn	24.424	27.776



Viðhald útsvæðis og snyrting umhverfis er með svipuðum hætti frá ári til árs. Skólafólk hefur séð um að snyrta umhverfi móttökustöðvar og skrifstofu. Auk þess hefur það séð um að slá grasflatar sem tilheyrðu Áburðarverksmiðjunni áður.

Afgreiðslutími

Afgreiðslutími móttöku- og flokkunarstöðvar er alla virka daga frá 07.30-17.00.

Á laugardögum er opið frá 13.00-16.00 og hefur það verið með þeim hætti frá 1. september 2009. Opnunin gildir fyrir viðskiptavinum með viðskiptakort.

Verktakar

G.T. Verktakar eru með alla vélavinnu og flutninga fyrir móttökustöðina samkvæmt tilboði, sem gildir til 31. mars 2015.

Erlend samskipti

SORPA hefur verið í viðskiptum við Il Recycling um kaup á endurvinnsluefnum. Verðin eru byggð á útboði er SORPA stóð fyrir og afhendir SORPA hráefnin við verksmiðjudyr í Gufunesi. Efnamóttakan hf. hefur tekið svoltið af plastfilmu sem þeir hafa selt á mörkuðum erlendis.

Rannsóknarverkefni um samsetningu húsasorps

Eins og undanfarin ár, eða allt frá árinu 1999, var í lok nóvember framkvæmd rannsókn á innihaldi húsasorps. Húsasorp er sá úrgangur sem kemur úr sorptunnum aðildarsveitarfélaga SORPU. Greind eru sýni úr sorphirðubílum eftir hverfum í á annan tug undirflokk.

Endurbætt skráning á uppruna úrgangs til urðunar samkvæmt Evrópureglugerðum þýðir að SORPA

Tafla 3.3. Innvegið magn úrgangs (tonn)

	2010	2009
Á árinu var alls tekið á móti	76.575	79.437
Frá eftirtöldum aðilum:		
Frá sorphirðu sveitarfélagi (að meðtöldri bláru tunnu Reykjavíkurborgar og að Hafnarfirði undanskildum)	32.569	37.008
Frá grenndargámum	1.876	1.882
Frá endurvinnslustöðvum	12.128	14.260
Frá öðrum sorpsamlögum	7.363	1.030
Frá söfnunarfyrirtækjum	13.061	18.083
Frá öðrum	9.578	8.081

skrár úr hvaða pósthúsi úrgangurinn berst. Húsasorpsrannsóknin var því útfærð nokkuð, og nær nú einnig til innihalds í svonefnum „Blönduðum heimilisúrgangi“ af endurvinnslustöðvum. Dæmi um breytingar milli ára er að pappi/pappír/dagblöð jókst um 8% milli áranna 2009 og 2010 en hafði dregist saman um 7% milli 2007 og 2010. Því er hlutfallið á mótá og fyrir efnahagskreppuna þó magnið hafi minnkað verulega í heild. Hlutfall bleia hefur hins vegar aukist yfir 2% milli 2007 og 2010. Matarleifar og bleiur fundust ekki í sýnum af blönduðum heimilisúrgangi af endurvinnslustöðvum.

Tafla 3.4. Til ráðstöfunar frá móttöku- og flokkunarstöð (tonn)

	2010	2009
Til endurvinnslu/ endurnota erlendis	5.742	6.363
Til endurvinnslu innanlands	17.630	18.776
Endurvinnsluefni alls	23.372	25.139
Til urðunar	53.203	54.298



Velkomin á endurvinnslustöð

Opíð: Virka daga, 8:00–19:30
Helgar, 12:00–18:30

Flakkun: Tökun á máti flakkuðum úrgangi til endurvinnslu.
Sjá flakkunarreglur á sorpa.is

Fyrirtækjum er bent á mottökustöðina í Gufunesi með stærri
farma og skila spilliefnum til viðurkenndra mottökuaðila.

Öryggi: Böm eru á ábyrgð fullorðinna.

VR
VIRKISAMUR
VIRKISAMUR
2010

SORPA

www.sorpa.is



safna í sama ílát skyldum efnum, eins og pappír og pappumbúðum og spara með því söfnunar- og flutningskostnað. Í framtíðinni mætti hugsa sér að fjölgun eða breyting verði á þeim úrgangsflokkum, sem safnað verður í grenndargáma, ef því kerfi verður haldið áfram að loknum núverandi verksamningi, sem rennur út 2012.

Tekið var á móti 1.810 tonnum (1.812)¹ af dagblöðum og umbúðum úr sléttum papp og 45,5 tonnum (46,2) af plastumbúðum í gegnum grenndargáma-kerfið á árinu.


Magntölur

Árið 2010 var tekið á móti samtals 28.426 tonnum úrgangs (30.767) á endurvinnslustöðvum SORPU sem er um 7,6% minnkun frá fyrra ári þannig að augljóst er að kreppan bitur enn.

Ársverk

Ársverk voru samtals 31 þ.m.t. með starfsfólki við afleysingar og vegna forfalla.

1) Tölur í sviga eru frá árinu 2009.



Tafla 4.1. Samanburður á söfnun pappírs og umbúða úr plasti, kg pr. íbúa sveitarfélaganna árið 2010.

Endurvinnslustöðvar SORPU, sjö talsins, eru staðsettar víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Um rekstur þeirra gildir sérstakt samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og SORPU bs. Í samkomulaginu kemur m.a. fram hve margar stöðvarnar eiga að vera, þjónustutími þeirra og æskileg mesta fjarlægð frá íbúðarhúsi og að „við ákvörðun opnunartíma skuli taka mið af góðri þjónustu við íbúa og hagkvæmni í rekstri“.

Árið 2010 var rekstur stöðvanna að mestu með hefðbundnum hætti. Rekstrarkostnaður er greiddur af sveitarfélögum sjö, hlutfallslega miðað við höfðatölu. Helstu kostnaðarliðir eru vegna flutninga, gámaleigu, móttökugjalda, starfsmannakostnaðar, reksturs og viðhalds lóða og mannvirkja. Til lækkunar á kostnaði sveitarfélaganna, afla stöðvarnar eigin tekna með gjaldtöku fyrir gjaldskyldan úrgang, sölu endurvinnsluefna og þjónustugjöldum.

Byggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Breiðhelli í Hafnarfirði lauk á umsömdum tíma (í desember 2009, sjá nánar í ársskýrslu 2009). Sú stöð var formlega

tekin í notkun 27. febrúar 2010 og sama dag var aflögð endurvinnslustöðin í Miðhrauni.

Nýtt eftirlits- og viðvörðunarkerfi fyrir endurvinnslustöðvarnar (þróunar og tæknideild fyrirtækisins hafði umsjón með uppsetningu þess) var tekið í notkun ásamt þráðlausum, handvirkum afgreiðslubúnaði, sem gerði innheimtu gjaldskylds úrgangs auðveldari og skilvirkari. Þessi breyting hefur einnig dregið úr truflunum sem verið hafa í rekstri tölvukerfis stöðvanna um árabíl. Með frekari þróun er stefnt að náanast 100% uppítíma afgreiðslu og eftirlitskerfis með það markmið að draga úr kostnaði til lengri tíma.

Grenndargámakerfi

Einnig er samningur milli SORPU bs. og sveitarfélaganna um rekstur grenndarstöðva höfuðborgarsvæðisins sem nú eru 82 talsins. Þar er tekið á móti pappír, fernum og umbúðum úr sléttum papp annars vegar og plastumbúðum hins vegar. Breytt tækni í flokkun „úrgangs“ gerir það mögulegt að





Álfsnes

Urðunarstaður höfuðborgarsvæðisins sem SORPA rekur er í Álfsnesi, um 20 kílómetra frá móttöku- og flokkunarstöð SORPU á Gufunesi. Þangað eru flutt á sérstökum lokuðum vögnum að meðaltali yfir 300 tonn á dag af böggðuðum húsa- og rekstrarúrgangi og um 150 tonn á dag af óbagganlegum úrgangi. Allur úrgangur sem tekið var við í Álfsnesi árið 2010 var færður yfir vigt og magn úrgangs er sýnt í töflu 5.1.

Til baggaðs úrgangs telst m.a. sekkjaður slátur-úrgangur og úrgangur sem berst á brettum og hægt er með góðu móti að sinna með venjulegum tækjabúnaði. Magn baggaðs úrgangs jókst um 2,4% en hafði minnkað um 24% árið áður og telur þar inn úrgangur frá Suðurlandi samkvæmt samningi SORPU og Sorpstöðvar Suðurlands um móttöku á úrgangi og endurvinnsluefnum. Í óböggðuðum úrgangi barst minna af olíumenguðum jarðvegi af Hólmsheiði, þó minnkunin sé ekki eins mikil og árið 2009.

Magntölur og endurvinnsla

Í Álfsnesi er töluverð endurvinnsla, svo sem á garða-úrgangi, gleri, hrossataði, litaðri timburflís og steinefni. Sumt efni er notað við urðunina, við vegagerð

eða við gerð urðunarreina í stað jarðefna sem annars væru flutt að, t.d. gler og steinefni. Skipting urðunar og endurvinnslu í Álfsnesi kemur fram í töflu 5.1. Stefna fyrirtækisins er að minnka lífrænan úrgang sem fer til urðunar og auka hlutfall endurvinnslu.

Gasvinnsla

Í sorphaugum myndast hauggas sem er blanda af koltvísýringi (CO₂, 45%) og metani (CH₄, 55%) ásamt öðrum gastegundum í litlum mæli, svo sem brenni- steinsvetni og köfnunarefnissamböndum. Hauggasið myndast þegar náttúrulegar bakteríur brjóta niður lífrænt efni í haugnum og mynda hauggas. Metanið í hauggasinu er ágætlega orkuríkt, en einnig slæm gróðurhúsalofttegund, um 23 sinnum verri en koltvísýringur og er því að öðru jöfnu brennt. Gasinu í Álfsnesi er safnað með því að bora í hauginn. Boraðar voru um 15 gasholur á árinu og þær tengdar nýja safnhæðakerfinu sem gefur afar góða raun og því gengur gassöfnun og eldsneytisframleiðsla vel. Metanframleiðsla í Álfsnesi var um 581.000 Nm³ árið 2010 sem er um 31% meira magn en árið 2009. Afkastageta haugs og hreinsistöðvar er ekki fullnýtt og því gætu fleiri hagnýtt sér metan sem orkugjafa

í stað innflutts eldsneytis, þó veruleg aukning sé fyrirsjáanleg á árinu 2011, m.a. vegna skattaávilunar stjórnvalda og síhækkandi eldsneytisverðs.

Eftirlit með urðunarstað

Samkvæmt starfsleyfi skal hafa eftirlit með vargfugli á urðunarstað og eyða fugli. Meindýraeyðir sér um að halda fjölda fugla í skefjum og í töflu 5.2 má sjá fjölda skotinna fugla á tímabilinu maí - september.

Í upphafi samningstíma voru um 2.500 fuglar á svæðinu og var oft geysilegur munur á fjölda fugla á svæðinu milli daga og gat munurinn verið nokkur þúsund fuglar. Mest var af fugli 24. júlí en þá voru um 18.000 fuglar á svæðinu. Fæstir voru fuglarnir í og fram eftir júnímánuði, t.d. 120 stk 16. maí, og upp í 1.200 stk seinnipartinn í júní.

Mengunarmælingar

Samkvæmt mælingum er mengun sigvatns frá urðunarstaðnum í Álfsnesi innan viðmiðunargilda. Í viðauka er samantekt allra efnamælinga ársins 2010. Vegna umræðu um auknar kröfur vegna botnþéttingar voru boraðar þrjár nýjar rannsóknarholur til að fylgjast með flæði og efnasamsetningu grunnvatns á urðunarstaðnum.

Lyktarverkefni

Vegna þróunar íbúabyggðar í nágrenni urðunarstaðarins í Álfsnesi var lögð áhersla á að draga úr dreifingu lyktarefna af urðunarstaðnum og bætt verklag þróað. Nýtt verklag miðar við að stjórna meira hvað berst af lyktarsterkum úrgangi inn á urðunarstaðinn, breyta móttöku á lyktasterkum úrgangi, breyta tilhögun urðunar á böggðuðum úrgangi og að úða lyktarhamlandi efnum á úrganginn að staðaldri. Yfir sumartímann er unnið að lyktarvörnum alla daga. Miðað er við að verulegar breytingar verði á

móttöku lyktarsterks úrgangs á árinu 2011 og stefnt er að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar, sem gæti svarað kröfum um að draga úr urðun lífræns úrgangs á árinu 2013.

Verktakar

HJ-bílar er verktaki sem sér bæði um sorpmóttöku og urðun í Álfsnesi en sorpmóttaka gekk vel á árinu. Suðurverk sá um gerð nýrrar reinar og lauk því með þrýði. Ræktunarsamband Flóa og Skeiða sá um borun og frágang gashola sem skila þegar ágætu hauggasi til hreinsunar í bifreiðaeldsneyti.

Önnur verkefni

Samið var við Suðurverk hf. um sprengingar og efnisvinnslu fyrir reinar 11 og 12 sem ætlað er að hægt sé að urða í að óbreyttu í um fimm ár frá febrúar 2011. Lítil eftirspurn reyndist eftir moltu á árinu 2010 og mikið af hráefni til moltugerðar nýtt sem síuefni til lyktareyðingar, en einnig tekið til hliðar til síðari nota. Veðurfar var þannig að loka þurfti fyrir móttöku í um fimmtán og hálfan vinnudag eða um 124 klukkustundir á venjulegum afgreiðslutíma.

Unnið var að uppsetningu á nýju öryggis- og eftirlitskerfi á öllum starfstöðvum SORPU, sem verður komið í full not á urðunarstað á árinu 2011. SORPA er nú þátttakandi í þremur stærri rannsóknarverkefnum á sviði gasframleiðslu úr lífrænu efni, endurnýtingar á plasti og notkun á efnarafala til að auka nýtingu í framleiðslu eldsneytis.

Tafla 5.2. Vargfuglaeyðing í Álfsnesi 2010 (fjöldi fugla)

	2010	2009	2008	2007	2006	2005
Svartbakur	1.231	1.204	761	845	865	697
Sílamáður	3.562	5.644	7.744	4.318	1.673	2.542
Samtals eytt	4.793	6.848	8.505	5.163	2.538	3.239





Samfélagsleg ábyrgð



Gjöf sem gefur

Árið 1993 hóf SORPA farsælt samstarf við líknarfélag Hjálparstarfs kirkjunnar, Mæðrastyksnefndar, Hjálpræðishersins og Rauða kross Íslands um endurnýtingu nytjamuna sem annars færu í urðun. Upphaflega var fyrirkomulagið með þeim hætti að SORPA safnaði munum saman, á meðan Rauði kross Íslands sá um dreifingu til þeirra sem þess þurftu. Með tímanum breyttist rekstarformið yfir í nytjamarcað Góða hirðisins.

Góði hirðirinn er nytjamarcaður SORPU og líknarfélaga. Markmið hans er að stuðla að endurnotkun, minnka sóun og láta gott af sér leiða. Á endurvinnslustöðvum SORPU eru sérstakir nytjagámar þar sem fólk getur losað sig við gamla hluti sem enn hafa óskert notagildi. Þannig má forða hlutum með reynslu og sögu, frá endanlegri förgun og finna þeim nýtt hlutverk í nýju umhverfi hjá nýjum eigendum. Þessir hlutir fara svo í sölu hjá Góða hirðinum og rennur allur ágóði af sölnunni til hjálparstarfs og líknarmála.

Árið 2010 fóru rúmlega 1074 tonn af munum í endurnotkun með þessum hætti og úthlutaði fyrirtækið 42,1 milljón í styrki á árinu. Styrkirnar voru veittir undir yfirskriftinni „Hjálpum fólki til sjálfshjálpar“ og hlutu eftirtaldir aðilar styrk í fyrri úthlutun sem fór fram þann 23. september: 7,5 milljón kr. til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna vetrarstarfs Reykjadal; 14,6 milljónir króna voru veittar til eftirtalinna aðila: Hjálparstarf kirkjunnar til tólmstundastarfs barna og í framtíðarsjóð, Hjálpræðisherinn vegna Eyjaslóðar, Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur, Rauði krossinn, Bandalag kvenna og Félag einstæðra foreldra vegna aðstoðar til náms, Félag heyrnarlausra til útgáfu barnaefnis og vegna CODA verkefnisins, Foreldrahús og Systkinasmíðjan. Tröð hlaut einnig styrk vegna verkefnisins „forvarnir í hestamennsku fyrir unglinga“. Þann 17. desember voru svo veittar 20 milljónir til

13 aðila. Þeir aðilar voru; Hjálparstarf kirkjunnar til stuðnings við ungar mæður með litla skólagöngu, til tólmstunda barna og í neyðaraðstoð fyrir jólin 2010, Hjálpræðisherinn til styrktar börnum og unglíngum BUH og í neyðaraðstoð fyrir jólin 2010. Mæðrastyksnefndir Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar fengu styrki í neyðaraðstoð fyrir jólin 2010, Rauði Krossinn fyrir verkefnið Félagsvinnir atvinnuleitenda, í verkefnið Neyðarsíminn 1717 og í neyðaraðstoð, Bandalag kvenna fyrir starfsmenntasjóð, Hringsjá fyrir tæki til kennslu og aðbúnað nemenda, Umhyggja fyrir aðstoð við fjölskyldur langveikra barna þar sem foreldrar eru öryrkjar og einstæðar mæður, Stígamót fyrir aðstoð við að komast úr vændi og mansali og Hestamannafélagið Hörður fyrir sérsníðaða hnakka fyrir fatlaða.

Góði hirðirinn stóð fyrir tveim uppboðum á árinu sem gáfu af sér góða gjöf til Hæfingarstöðvarinnar Bjarkaráss. Bjarkarás er fyrir fólk með proskahömlun. Meginmarkmið með starfsemi Bjarkaráss er að veita einstaklingsbundna og fjölbreytta þjónustu. Starfsemi fer fram á fimm deildum auk gróðurhúss og Sels.

Í upphafi skyldi endinn skoða

SORPA hefur haldið úti metnaðarfullu fræðslustarfi með skipulegum hætti frá 1996 en forsenda þess að almenningur og fyrirtæki taki þátt í því að flokka og skila hráefni til endurvinnslu er þekking á mál-efninu. Af þeim sökum eru stöðug kynning á málefni SORPU einhver mikilvægasti þátturinn í starfsemi. Kynningarnar fara fram með fræðslu til ýmissa aldurshópa og upplýsingagjöf ásamt ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana. Markmiðið er, að þeir sem fræðsluna hljóta, fái tilfinningu fyrir því hvernig þeir geti orðið ábyrgir og vistvænir neytendur. Í fræðslunni er skoðað hvernig hægt er að lágmarka úrgang sem verður til hjá hverjum og einum og hvernig má

nýta það hráefni sem felst í úrgangi með því að flokka og skila til endurnýtingar. Á hverju ári koma um 2500 einstaklingar á öllum aldri í slíka fræðslu og er stærsti hópurinn nemendur leik- og grunnskóla. Með þessu vill fyrirtækið stuðla að aukinni vitund almennings gagnvart eigin neyslunum og virkja á jákvæðan hátt.

Hið vinsæla almanak SORPU var gefið út í tíunda skipti en að þessu sinni var það unnið í samstarfi við listnámsbraut lðnskólans í Hafnarfirði. Endurvinnsluhönnun, að gefa úrgangi nýtt verðmæti, var verkefni nemenda á vorönn og haustönn 2010 á listnámsbraut. Vöruhönnun framtíðarinnar tekur mið af lífsferli vörunnar frá vöggju til grafar, s.s að hráefni vörunnar séu umhverfisvæn, þakkingum haldið í lágmarki og að hægt sé að endurvinnna vöruna að notkun lokinni. Neytendur eru áhrifamiklir því þeir skapa eftirspurn eftir vörum. Þeir geta haft áhrif á þróunina til framtíðar með því að velja umhverfisvænar vörur. Verkin í almanaki 2010 voru unnin með vistvæna vöruhönnun að leiðarljósi.

Almanakinu er ætlað að vekja fólk til umhugsunar og sýna fram á að í ruslinu leynast verðmæti sem geta orðið að einstökum listaverkum, leikföngum eða nýjum vörum og umbúðum við endurvinnslu.

„S00000000000ORPA“

Um árabíl hefur SORPA verið í samstarfi við Ríkissjónvarpið um framleiðslu á innslögum um Tré-álfa sem kalla sig Trjálfar. Trjálfarnir Reynir Víðir Lyngdal og Börkur Birkir eru umhverfisvænir tré-álfar sem birtast okkur á skjánum í Stundinni okkar. Trjálfarnir eru duglegir við að fræða börnin um umhverfismál, flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu og stuðla þannig að meðvitaðri æsku í samfélaginu. SORPA mun styðjast enn frekar við þessa skemmtilegu karaktera í fræðslumálum fyrirtækisins á næstu árum.

Vitundarvakning – aukinn áhugi á vistvænum ökutækjum.

Sú vitundarvakning sem hefur átt sér stað í úrgangsmálum hefur einnig náð til orkumála en aukinn áhugi er meðal almennings á umhverfisvænu eldsneyti. Metan er eldsneyti sem unnið er úr hauggasi og með því að nota metan í stað bensíns eða gasolíu er unnt að draga verulega úr mengun. Þar sem metan í hauggasi er kraftmikil gróðurhúsalofttegund, eða allt að 21 sinnum öflugara en koltvísýringur ef það fær að gufa óhindrað upp úr haugnum, er æskilegt að

draga úr áhrifum hauggassins um leið og framleitt er umhverfisvænt eldsneyti. Þess má geta að það þarf um 113 metanbíla til að blása út koltvísýringi á við einn bensínbíl.

Mikillar aukningar hefur gætt í ásókn almennings í að breyta bílum sínum svo þeir geti gengið fyrir metani. Hátt í 500 ökutæki hér á landi nýta metan að hluta eða að öllu leyti. Fyrirtækið gerir kröfu þess efnis að ökutæki og vinnuvélar verktaka á þeirra vegum séu vistvæn eða knúin á metani.



Umhverfisleiðin



Mannauður

7

SORPA hefur lagt mikla áherslu á að gera fyrirtækið að góðum og eftirsóttum vinnustað með metnaðarfullt og hæfileikaríkt starfsfólk innanborðs. Með jákvæðri ímynd leggur fyrirtækið mikið upp úr því að laða að, efla og halda hæfu og traustu starfsfólki sem tekur þátt í að móta endurbættar endurvinnsluleiðir og kynna starfsemi fyrirtækisins bæði fyrir almenningi og fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Starfsfólk SORPU hefur í gegnum árin lagt metnað sinn í að taka vel á móti viðskiptavinum sínum og veita þeim sem bestar upplýsingar um endurvinnslu.

SORPA hefur auk þess haft það að leiðarljósi síðustu 20 árin að vera framsækið og áreiðanlegt fyrirtæki á sviði úrgangsstjórnunar með trausta framtíðarsýn. Fyrirtækið hefur lagt áherslu á að veita góða þjónustu og bjóða vandaða vöru í sátt við nærumhverfi sitt. Sökum stærðar sinnar og sérstöðu meðal úrgangsfyrirtækja á Íslandi er fyrirtækinu mikilvægt að vera leiðandi í öflun og miðlun þekkingar, nýsköpunar og innleiðingu á aðgengilegum aðferðum við meðhöndlun og endurnýtingu úrgangs.

Jákvæður starfsandi

Hjá SORPU er lögð áhersla á að auka við vellíðan og öryggi starfsmanna með því að búa þeim starfsumhverfi sem þeim líður vel í. Fyrirtækið hefur lagt mikið upp úr því að hafa virkt upplýsingaflæði milli starfsdeilda en með auknum boðskiptum hefur tekist að skapa jákvæðan starfsanda meðal starfsmanna auk þess sem samstillt boðskipti milli deilda veitir starfsmönnum góða yfirsýn yfir reksturinn í heild sinni.

Hjá SORPU eru starfsmenn hvattir til að sýna frumkvæði í starfi og mikið er lagt upp úr því að veita starfsfólki fræðslu og upplýsingar til að þess að auka við færni sína, s.s. eins og skyndihjálparnámskeið, tölvunámskeið og þjónustu- og samskiptanámskeið. Starfsmönnum er gefinn kostur á að þróast í starfi

innan fyrirtækisins og sækja fjölbreytt námskeið í sí- og endurmenntun. Markviss nýliðafræðsla fer af stað þegar nýr starfsmaður hefur störf hjá fyrirtækinu þar sem farið er yfir helstu deildir fyrirtækisins og uppbyggingu þeirra. Þetta er gert til að auðvelda nýju starfsfólki að hefja störf auk þess að auka sjálfstæði, ábyrgð og öryggi þeirra í starfi.


Fyrirtækið leggur metnað sinn í að stuðla að bættri heilsu og vellíðan starfsmanna sinna og því er lögð rík áhersla á að jafnvægi ríki milli vinnu og einkalífs, með því að virða frítíma fólks utan vinnutíma. Starfsmenn eru hvattir til að stunda heilbrigða lífshætti og því styrkir SORPA starfsfólk sitt til heilsuræktar

ásamt því að bjóða upp á heilsufarsskoðun ásamt bólusetningu gegn influensu auk endurnýjun annarra mótefna í heilsufarsskirteini.

Starfsmannafjöldi og samsetning

Fastráðnir starfsmenn SORPU í lok árs 2010 voru 87 talsins, þar af voru 62 karlar og 25 konur. Á árinu hófu 12 nýir starfsmenn störf hjá fyrirtækinu; 3 í móttökustöð, 1 á urðunarstað, 1 í markaðs- og fræðsludeild, 4 á endurvinnslustöðvum og 4 í Góða hirðinum. Starfsmenn skiptust niður á 6 deildir sem hér segir; fjármáladeild 11 starfsmenn, markaðs- og

Tafla 7.1.
Fjöldi og kynskipting starfsmanna eftir deildum



fræðsludeild 3 starfsmenn, þróunar- og tæknideild 12 starfsmenn, móttökustöð 14 starfsmenn, endurvinnslustöðvar 31 starfsmenn og Góði hirðin 16 starfsmenn. Aðeins fjölgaði um einn fastráðinn starfsmann á árinu úr 86 árið 2009 í 87 árið 2010 og er starfsmannaveita fastráðinna starfsmanna því lítil sem engin. Meðalstarfsaldur starfsfólks var 6,03 ár og meðalaldur 39,6 ár í lok árs 2010.

Aðbúnaður og öryggismál starfsmanna

Hjá SORPU er starfandi öryggisráð sem í sitja öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn en þeir fjalla um ýmis öryggis- og vinnuverndarmál. Öryggisráði gefst kostur á að koma með tillögur að verkefnum, úrbótum eða áherslubreytingum til yfirstjórnar SORPU. Öryggisráðsfundir eru haldnir á eins til þriggja mánaða fresti, eftir aðstæðum. Áhættumat hefur verið gert með reglulegum hætti hjá fyrirtækinu og er markvisst unnið að úrbótum. Öryggistrúnaðarmenn eru kosnir af starfsmönnum og öryggisverðir tilnefndir af stjórnendum. Auk þess vinnur starfsfólk SORPU eftir þeim öryggisreglum sem kynntar eru í rekstrarhandbók fyrirtækisins.

Gæðastjórnunarkerfi

Gæðakerfi SORPU er byggt upp samkvæmt kröfum ISO 9001:2000 og er notað til að tryggja að unnið sé faglega og á samræmdan hátt að þeim verkefnum sem fyrirtækið ber ábyrgð á skv. stofnsamningi. Vottunarferli fyrirtækisins hófst seinnihluta árs 2010 með aðstoð frá ráðgjafafyrirtækinu 7.is og er áætlað að vottun verði komin fyrripart árs 2011. Gæðakerfi SORPU er uppsett í útgáfustýrðri rafrænni Rekstrarhandbók sem er aðgengileg öllum starfsmönnum á öllum starfsstöðvum fyrirtækisins. Gæðakerfi byggir auk þess á virku ábendingakerfi sem tekur á öllum ábendingum sem berast fyrirtækinu, jafnt innan sem utan, er varðar starfsemi þess.





Áritun endurskoðenda

Til stjórnar SORPU bs.

Við höfum endurskoðað skýrslu um grænt bókhald SORPU bs. fyrir árið 2010 en hún hefur að geyma yfirlýsingu stjórnar, yfirlit um orku- og hráefnanotkun ásamt öðrum upplýsingum um hvernig umhverfismálum starfseminnar er háttað. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að tölur sem gefnar eru upp í skýrslunni séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum í fjárhagsbókhaldi til að sannreyna að fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum séu í samræmi við skýrslu um grænt bókhald. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrsla um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins á árinu 2010. Einnig er það álit okkar að aðrar upplýsingar séu rétt fram settar í skýrslunni.

Reykjavík, 2. maí 2011

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Guðrún Torfhildur Gísladóttir
löggiltur endurskoðandi

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með skýrslu um grænt bókhald byggðasam-
lagsins fyrir árið 2010 með undirskrift sinni.

Í stjórn SORPU bs

Framkvæmdastjóri SORPU bs.



Umhverfisstefna

SORPA vinnur í sátt við umhverfið og með sjónarmið umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Því leggur SORPA áherslu á:

- Að tryggja stöðugar úrbætur í umhverfisstjórnun og mengunarvörnum.
- Að setja sér mælanleg markmið í umhverfismálum.
- Að velja við innkaup á vöru og þjónustu umhverfisvænar, umhverfismerkta og/eða endurnnar vörur þar sem því verður við komið. Í útboðum og/eða verðkönnunum skal upplýst fyrirfram um kostnaðarvægi þessara þátta.
- Að leitast við að nota innlenda og endurnýjanlega orkugjafa, bæði á eigin tæki og tæki þjónustuaðila.
- Að lágmarka notkun spilliefna og hámarka endurvinnslu og endurnotkun innan fyrirtækisins.
- Að lágmarka hráefnanotkun og úrgangsmyndun innan fyrirtækisins.
- Að hafa fyrirhyggju og frumkvæði að leiðarljósi við að upplýsa almenning, fyrirtæki og stofnanir um endurvinnslu og endurnýtingu.
- Að búa yfir vel þjálfuðu starfsfólki og stjórnendum á sviði umhverfismála til að auka árangur og öryggi í allri vinnu að umhverfismálum.

Markmið í umhverfismálum fyrir árin 2010-2012

Á árunum 2010 til 2012 verður aukin fjölbreytni í umhverfisfræðslu innan fyrirtækisins.

Fjölbreytt og tíð umhverfisfræðsla viðheldur áhuga starfsmanna og skilar mestum árangri. Til að auka

fjölbreytileika í fræðslunni verða t.d. útbúnir fræðslu-pakkar sem kynntir verða á starfsmannafundum, starfsmenn og millistjórnendur verða hvattir til að sækja ráðstefnur er varða umhverfismálefni og aukin áhersla verður á umhverfisfræðslu í þeim starfsmannafréttablöðum sem gefin eru út.

Starfsmenn SORPU fóru í skipulagða vettvangsferð um fyrirtækið þar sem farið var yfir starfsemi fyrirtækisins, nýjungar hjá SORPU kynntar starfsmönnum og áhersla lögð á umhverfisþætti í starfi hjá SORPU.

Vistvitinn, umhverfisblað starfsmanna kom út á vormánuðum og helstu áherslur blaðsins voru; hvað eru starfsmenn sjálfir að gera í sínum úrgangsmálum, s.s flokkun úrgangs og skilum hans þar sem oft er litið til starfsmanna SORPU sem fyrirmynda, fjallað var um framtíðasýn úrgangsstjórnunar á höfuðborgarsvæðinu og fleiri umhverfistengda þætti.

Að nota kælivatn af pressum í gaskerfinu til að hita upp mannvirki í gasvinnslu og þannig spara 9 kW yfir sumarmánuðina og 4 kW yfir vetrarmánuðina af aðkeyptu hitaveituvatni.

-Verkefninu var lokið innan ársins 2010 og er kælivatnið nú nýtt til að hita upp aðstöðuna í gasvinnslunni.

Á árunum 2010 til 2012 verða gróðursett 3000-7000 trjáplöntur í Álfsnesi til kolefnisjöfnunar og uppgræðslu.

Í ljósi þess að ungar plöntur hafa átt erfitt uppdráttar á vindasömu Álfsnesinu og þurfa mikla umönnun meðal viðkvæms lággróðurs og sterkra vinda á svæðinu verður fjöldi gróðursettra trjáa stillt í hóf en aukin áhersla verður á gæði við uppgræðsluna.

-Sumarið 2010, frá 26. maí - 30. júní voru gróðursett á svæði SORPU í Álfsnesi 1788 plöntur, aðallega víðitegundir, s.s. alaskavíðir, viðja, strandvíðir og

